


# Stórsýning að Kjarvalsstöðum



Skúlpúrar eftir Guðrúnu Marinósdóttur.

Tíu ár eru liðin frá því 11 konur tóku sig til og stofnuðu Textílfélagið. Það var reyndar árið 1974 að félagið var stofnað og nú telur það 40 meðlimi. Ekki verður annað hægt að segja en það sýni grósku út af fyrir sig. Ekki eru mörg listafélög sem nær fjórfalda meðlimatölu sína á einum áratug. En það er ekki fjöldi meðlima sem mestu máli skiptir heldur sú gróska sem birtist í starfi og verkum þeirra. Allur vestursalur Kjarvalsstaða hefur verið lagður undir afmælissýningu félagsins og vesturgangurinn að auki. Má sjá þar textíl af öllu tagi; fatnað, þrykk og vefnað og kennir þar eins margra grása og sýnendur eru margir.

Þetta er vegleg sýning og er ekki að efa að hún á eftir að verða féluginu til enn frekari framdráttar á komandi árum. Eins og oft hefur komið fram áður, er Text-


ílfélagið aðili að Samnorræna textíl-þríæringnum, en það er

HALLDÓR  
B. RUNÓLFSSON

samsýning allra norræna textílfélaga og farandssýning sem flakkar milli Norðurlandanna.

## Frjáls tjáning og nytjalist

Í heild hefur vel tekist til með þessa sýningu. Hún er ekki ofhlaðin og nýtur hvert verk sín ágætlega. Sum verkin eru risastór en önnur smá, þannig að sýningarnefnd hefur þurft að vera útsjónarsöm í staðarvali. Með því að leyfa lofti að leika um miðbik salarins má í flestum tilfellum sjá



Kjöll eftir Evu Vilhelmsdóttur.

verkin frá víðu sem þröngu sjónarhorni og njóta stærstu verkin þess. Gangurinn er e.t.v. örlítið

vandræðalegri, einkum sá hluti sem snýr að inngangi.

En hvað má segja um stefnur í íslenskum textíl? Greinilegt er að fatahönnuðir sækja í sig veðrið, en á fyrstu árum félagsins var slíkt nánast óþekkt fyrirbæri. Það bendir til aukinna tengsla textílhönnuða og fatamarkaðar eða nytjamarkaðar. Væri undarlegt ef fataframleiðendur tækju ekki mið af slíkri þróun. Enn er þó of snemmt að spá fyrir um framtíð slíkrar sveiflu, enda vantar mikið á að hún sé afgerandi þáttur í starfsemi félagsmanna.

Enn er frjáls tjáning óháð nytjalist mest áberandi, en þar hafa breytingar átt sér stað. Hlutlægur myndvefnaður sem áður fyrr var mjög áberandi, er á undanhaldi fyrir huglægari og efnisminni tjáningu. Þrykkið hefur sótt í sig veðrið á kostnað vefnaðarinnar og eru stærstu verk sýningarinnar þess eðlis.

Þó er hér stór hópur veflistarmanna og tjáir sig að mestu leyti á óhlutbundinn hátt. Ákveðin fágún er í fyrirrúmi og ekki ber mikið á tilfinningasemi. Svip-

mótið er fremur kyrrlátt og klassískt.

## Heilsteypt yfirbragð

Ólíkt málalalistinni á okkar tímum eiga óhefluð vinnubrögð ekki upp á pallboðið í Textílfélaginu. Hins vegar eru vönduð vinnubrögð, íhygli og yfirvegun áberandi. Það ætti að vera til þess að auka Textílfélaginu fylgi meðal sýningargesta, en eins og menn vita þá kemur íhaldssemi Íslendinga í veg fyrir að aðrar listgreinar en málalalist njóti sannmælis. Reyndar er sú furðulega einstefna í listmáti einn helsti dragbíturinn á starfsemi félaga á borð við Textílfélagið.

Þessi sýning á að geta ruslað burt slíkum efasemdum um gildi textílsins. Alltént hefur starfsemi félagsins ekki verið árangursluas, því heilsteyptara framlag hafa íslenskir textíllistamenn ekki boðið upp á, né jafnari. Ef einhvers er að sakna er það e.t.v. að þessar konur skuli ekki hafa lagt allt húsið undir sig.

# Kaldur andi í Sortudýki

## Færeyingar deila grimmt um uppsögn Hjartar Pálssonar

Í Færeyjum er mikið rætt og ritað um uppsögn Hjartar Pálssonar forstöðumanns Norðurlandahússins. Eins og fram kom í útvarpsfréttum hafa þessar umræður rekið Erlend Patursson þingmann Þjóðveldisflokksins til að leggja fram fyrirspurn til færeyska menntamálaráðherra í Landsþinginu um þá atburði sem urðu til þess að Hjörtur sagði upp starfi sínu.

Erlendur Patursson kom fyrstur fram með hugmyndina að byggingu Norðurlandahússins og var hún nokkuð umdeild í fyrstu. Í blaðinu Fríu Föroyar er fjallað um málefni Hjartar nýlega í

leiðara og segir þar að enginn efast nú um ágæti hússins. Hins vegar hafi menn efast um ágæti þess að ráða danskan mann til forstöðu fyrir húsinu í upphafi. Hann hafi þó hlotið ágætan starfsfrið.

Síðan segir í leiðaranum: „Haustið 1984 tók nýr maður við starfinu og urðu margir til að fagna þeirri ákvörðun að ráða Íslending til starfsins, því samvinna okkar við bræðrabjóðina í vestri hefur á seinni árum verið minni en nábylið og frændsemin krefjast.“

Í lok leiðarans er þess krafist að aðdragandi uppsagnar Hjartar sé

kannaður til hlítar til þess að fá svar við m.a. þessum spurningum:

„Hver stendur á bakvið þetta áhlaup gegn færeysk-íslensku samstarfi? eru það einstakir starfsmenn Norðurlandahússins? eru það fulltrúar Færeyja í stjórn hússins? Eða er kaldur andi fyrrverandi forstöðumanns enn á sveimi yfir steinunum uppi í Sortudýki? Þetta mál verður að rannsaka á hæsta stigi. Þennan skammarblett verður að þvo af færeysku þjóðinni.“ Til skilningsauka á málsgreininni um kaldan anda fyrrum forstöðumanns má geta þess að nafn hans er Steen Cold.

-ÞH